


SKIPULAGSFULLTRÚI



Vegna mikilla umsvifa í skipulags- og mannvirkjagerð óskar byggðasamlagið Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar (SBE) eftir sérfræðingi í skipulagsmálum í 80-100% starf. Viðkomandi mun gegna hlutverki skipulagsfulltrúa og hafa yfirumsjón með skipulagsmálum á starfssvæði byggðasamlagsins. Skipulagsfulltrúi er starfsmaður SBE og starfar undir stjórn framkvæmdastjóra byggðasamlagsins. Starfsstöð skipulagsfulltrúa er á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi.

Skipulagsfulltrúi vinnur með sveitarstjórum aðildarsveitarfélaga SBE að skipulagsmálum í viðkomandi sveitarfélagi. Skipulagsfulltrúi ber ábyrgð á undirbúningi erinda fyrir fundi skipulagsnefnda / sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga SBE, ritun fundargerða, útgáfu og eftirliti framkvæmdaleyfa og annast auk þess upplýsingagjöf, samskipti og önnur þau verkefni sem til falla innan málaflokksins.

HÆFNISKRÖFUR

- Jákvæðni, vinnusemi og vilji til að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins í aðildarsveitarfélögum SBE.
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
- Reynsla af skipulagsvinnu og góð þekking á lagaumhverfi og ferlum skipulagsmála.
- Haldbær þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Þekking á gæðastjórnunarkerfum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð tjáningarfærni í ræðu og riti á íslensku.

Umsóknir skulu berast á netfangið sbe@sbe.is í síðasta lagi 18. febrúar 2022. Umsóknum þurfa að fylgja greinagöð ferilskrá um menntun og reynslu. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Vigfús Björnsson í síma 463-0621 eða á sbe@sbe.is.



Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs. er byggðasamlag sem stofnað var árið 2017 til að annast skipulags- og byggingarmál í Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Byggðasamlagið er starfrækt á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og starfsmaður/starfsmenn þess gegna embætti skipulags- og byggingarfulltrúa aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Skrifstofa byggðasamlagsins er á sveitar-skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 í Hrafnagilshverfi.